



## GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR AL, ÁLVINNSLU, Í HELGUVÍK

---

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi opinberlega á tímabilinu á tímabilinu 28. apríl til 23. júní 2011 og lá hún frammi á skrifstofu Reykjaneshæjar á sama tíma.

Tillagan var auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar til Als, álvinnslu hf., Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Reykjaneshæjar, Olíudreifingar ehf., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Norðuráls ehf. og Alcan á Íslandi.

Þá hélt Umhverfisstofnun opinn kynningarfund í Duushúsi, Reykjaneshæ, þann 23. maí s.l. þar sem stofnunin kynnti tillöguna. Á fundinum fóru einnig fram umræður um starfsemi fyrirtækisins og umhverfismál tengd henni.

Tvær umsagnir komu um tillöguna. Atvinnu- og hafnaráð Reykjaneshæjar bókaði á fundi 15. júní 2011 að það samþykkti starfsleyfistillöguna. Hins vegar kom athugasemd frá Alcan á Íslandi sem gagnrýndi grein 2.2 og sérstaklega grein um álínihald, auk þess sem að fyrirtækið taldi að sendandi gjallsins gæti ekki mælt álínihald til að ganga úr skugga um að kröfunni verði fylgt.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar varðandi athugasemd Alcan á Íslandi er að greinum 2.1, 2.2 og 3.2 er breytt frá auglýstri tillögu. Með breytingunni er verið að endurskoða kröfuna um gæðatryggingu sem gæti virst snúa að nokkru leyti að þriðja aðila. Með breytingunni er rekstraraðili gerður ábyrgur fyrir hráefninu en með þessu móti telur stofnunin að tryggara sé að réttarhrif ákvæðanna séu eins óumdeilanleg og mögulegt er. Með þessu móti álitur Umhverfisstofnun jafnframt að best sé að bregðast við athugasemd Alcan.

Einnig má nefna að í starfsleyfinu er kveðið nánar á um nokkrar tímasetningar en var í auglýstri tillögu, en tilgangurinn með því er að gera leyfið og kröfur í því skýrari.

